

Þriðjudaginn 27. marz 1956.

Nr. 1/1956.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags  
Reykjavíkur vegna skipverja á b/v Þorsteini  
Ingólfssyni** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda  
f. h. Bæjarútgerðar Reykjavíkur**  
(Valgarð Briem hdl.).

**Varadómari Benedikt Sigurjóns-  
son í stað Ísleifs Árnasonar.**

Fiskveiðar. Útgerð skips ekki talin ábyrg fyrir því gagn-  
vart hásetum, að meginhluti afla úr veiðiför varð að fara  
í vinnslu vegna skemmda.

#### **Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 10.  
janúar þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafé-  
lags Reykjavíkur vegna skipverja á b/v Þorsteini Ingólfs-  
syni gegn Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda f. h. Bæjar-  
útgerðar Reykjavíkur.

Málavextir eru þessir:

Botnvörpuskipið Þorsteinn Ingólfsson, eign Bæjarútgerð-  
ar Reykjavíkur, fór á karfaveiðar 4. október f. á. Var afl-  
inn ísaður, enda skyldi hann seldur ferskur innanlands.  
Veiðiför þessi tók svo skamman tíma, að skipið kom aftur  
af veiðum til Reykjavíkur eftir 7 daga útivist, eða hinn 11.  
október. Var þá samdægurs landað um það bil 20 tonnum  
af karfa, sem var á þilfari skipsins. Hins vegar komst skipið  
ekki að til löndunar með annan afla sinn fyrr en 18. s. m.  
Var ástæðan til þessa dráttar sú, að svo mikið veiddist af  
karfa um þessar mundir, að móttakendur hans í landi, þ. e.  
frystihúsin, munu ekki hafa talið sig geta tekið á móti öllu  
því magni, sem að þeim barst, en sjálf átti Bæjarútgerð  
Reykjavíkur ekkert frystihús. Þegar farið var að skipa karf-  
anum upp, kom í ljós, að mestur hluti hans var ónothæfur  
til frystingar og neyzlu og fóru 283,450 kg af honum í mjöl-  
vinnslu.

Í 3. gr. kjarasamnings þess, er þá var í gildi milli máls- aðilja, segir svo um aflaverðlaun á ísfiskveiðum, þegar land- að er innanlands:

„Þegar skip fiskar í þeim tilgangi að selja fiskinn nýj- an eða ísaðan innanlands, skal greiða skipverjum 17% af heildarsöluverði aflans miðað við eftirfarandi verð:

Neyzluhæfur þorskur og langa:

Slægður með haus .....	kr. 1,00 pr. kg
Neyzluhæfur karfi, óslægður .....	— 1,00 — —
Neyzluhæfur ufsi, slægður með haus ...	— 0,65 — —
Annar fiskur samkvæmt almennu gangverði á hverjum tíma.“	

Ágreiningur aðilja í þessu máli snýst um það, hvaða verð skipverjar hafi átt að fá fyrir aflann úr b/v Þorsteini Ing- ólfssyni í umrætt skipti.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að miða beri við það, að fiskurinn hefði allur verið neyzluhæf vara. Hefur hann í samræmi við það gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að haga reikningsskilum við skipverja á v/b Þorsteini Ingólfssyni í framangreindri veiðiför svo, að þeir fái kr. 1.00 fyrir hvert kg af því aflamagni, 283.450 kg sem í mjölvinnslu fór. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og máls- kostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að þegar b/v Þorsteinn Ingólfsson kom af veiðum hinn 11. október eftir 7 daga veiðiför, hafi allur afli skipsins verið neyzlu- hæf vara og skipverjar þá átt að fá kr. 1,00 fyrir hvert kg hans samkvæmt áður nefndri 3. gr. Nú hafi hin langa bið, sem á því varð, að karfanum væri skipað upp, leitt til þess, að setja varð aflann í mjölvinnslu. Skipverjar hafi hins vegar engu um það ráðið, hvenær uppskipun færi fram og eigi þeir því ekki að bera halla af þeim drætti. Þá telur stefnandi og, að vanísun eða misísun aflans kunní að hafa valdið því, að skemmdir hafi orðið meiri en ástæða var til, enda þótt þessi dráttur yrði á uppskipuninni.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að miða eigi verð

til skipverja við ástand aflans, er skipið kom til hafnar, enda verði ekki um það vitað fyrr en við uppskipun, hvernig aflinn reynist. Verði af þeim sökum óhjákvæmilegt að miða verðið við gæði fisksins við uppskipun. Þá mótmælir hann því, að Bæjarútgerðin hafi á nokkurn hátt átt sök á drætti þeim, er varð á uppskipun og engu um hann ráðið. Hún eigi ekki frystihús, en drátturinn hafi af því einu stafað, hve mikill afli barst að um þessar mundir. Enn neitar hann því, að ísun karfans um borð í skipinu hafi verið með þeim hætti, að útgerðinni verði út af fyrir sig gefin sök á því. Hafi þannig engin ábyrgð fallið á stefnda vegna þess, hversu fór um gæði karfans í Þorsteini Ingólfssyni úr umræddri veiðiför, heldur sé hér um atvik að ræða, sem báðir verði að þola tjón af, skipverjar og útgerðin.

Samkvæmt 3. gr. framangreinds kjarasamnings skal því aðeins greiða skipverjum kr. 1.00 fyrir hvert kg af karfa, að hann sé neytluhæf vara. Ella skal hann greiðast almennu gangverði. Telja verður, að með nefndu samningsákvæði sé miðað við ástand fisksins við uppskipun, enda verður ekki fyrr en þá gengið úr skugga um gæði hans og magn. Nú reyndist meginhluti karfans ekki neytluhæf vara, er honum var skipað upp, og var stefndu því rétt, að leggja söluverð þess hluta farmsins til grundvallar reikningskilum við skipverja, enda verður hvorki talið að sá dráttur, sem varð á uppskipun, né umbúnaður aflans í skipinu geti varðað stefnda viðurlögum vegna ákvæða í kjarasamningi þeim, er þá var í gildi. Hins vegar á Félagsdómur ekki dóm um það, hvort stefnandi kynni að geta, vegna nefndra at-riða, krafði stefnda um bætur fyrir hinum almennu dómstólum samkvæmt reglum um skaðabótaskyldu almennt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda og dæma honum málskostnað úr hendi stefnda, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 900.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda f. h. Bæjarútgerðar Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags

Reykjavíkur vegna skipverja á b/v Þorsteini Ingólfs-syni, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 900.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 23. apríl 1956.

Nr. 6/1956. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Skipa-útgerðar ríkisins** (Barði Friðriksson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.**

Siglingar: Ágreiningur um kaup vegna helgi- og tyllidaga.

### **Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 29. febrúar þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Skipaútgerðar ríkisins.

Stefnandi gerir þær kröfur, að dæmt verði, að hátíðis- og helgidagar þjóðkirkjunnar (aðrir en sunnudagar) og umsamdir tyllidagar samkv. 13. gr. og 2. gr. farmannasamnings, dags. 11. júní 1955, skuli ekki teljast með í þeim fjórum frídögum, sem um getur í upphafi nefndrar 13. gr., þótt þessa daga beri upp á sunnudag. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í upphafi 13. gr. farmannasamnings, dags. 11. júní 1955, milli aðilja máls þessa segir svo: